



Fundur bygginganefndar ásamt fleiri aðilum haldinn þann 1. september 2008 í Végarði.

Mættir á fundinn eru eftirtaldir:

Gunnþórunn Ingólfssdóttir	oddviti
Lára G. Oddsdóttir	fulltrúi landeiganda Valþjófsstaðs
Magnús Hauksson	fulltrúi Landsvirkjunar v. hljóðlistaverks
Guðveig Eyglóardóttir	bygginganefnd
Úlfar Trausti Þórðarson	byggingafulltrúi

Varðar: Veðuróm hljóðlistaverk á vegum Landsvirkjunar.

Magnús kynnti og útskýrði fyrir fundarmönnum hljóðlistaverkið Veðuróm. Fram kom að það væri búið að mæla út og prófa nokkra staði í Fljótsdal, fyrir loftnetsmastur, sem ekki hefðu virkað nógu vel til að útvarpssendingar næðust. Besta útsendingin mældist við Aðgöng 1. Magnús stillti mastrinu inn á hlutfallsmynd sem leiddi í ljós að mastrið ber klárlega við himinn.

Almennt voru nefndarmenn neikvæðir á þessa staðsetningu vegna sjónmengunar.

Bygginganefnd í heild sinni samþykkir ekki staðsetningu masturs á fjallsbrúninni þar sem meirihluti nefndarmanna eru á móti henni þar sem að mastrið mun að öllum líkindum bera við himinn og þar með valdið sjóntruflun. Nefndin leggur til að kanna mætti hvort hægt sé að setja upp lofnet vegna hljóðlistaverksins ofan á vegg við inngang Aðganga 1 án masturs. Þá væri að öllum líkindum lítil sem engin sjónmengun af verkinu. Nefndin leggur einnig til að skoðaðar séu fleiri leiðir þar með talið á þeim stöðum sem útvarpssendar eru til staðar nú þegar. Ekki fleira tekið fyrir.

Ath. Nánari upplýsingar um verkið má sjá í fundargerð bygginganefndar frá 5. ágúst 2008 vegna málsins.

Fundargerðin verður send til eftirtalra aðila:
Fundarmanna og sveitastjórnar Fljótsdalshrepps.